

Sandkorn



Árshátíðarblað Grunnskólans í
Sandgerði 2016



VÖXTUR - VIRÐING - VILJI - VINÁTTA



Í blaðinu:

Ritstjórnarpistill...	Bls. 3
Vorferð 9. bekkjar...	Bls. 4
Hvað veist þú um vin þinn	Bls. 6
Lífið eftir grunnskólann	Bls. 8
Kennaraspjall	Bls. 10
Grettukeppni	Bls. 11
Skrýtnar staðreyndir	Bls.11
Ég man.....	Bls.12
Hversu vel þekkja þeir ...	Bls. 16
Kennaraspjall	Bls. 17
10 staðreyndir	Bls. 17
Framtíðarspá	Bls. 18
Furðuleg lög um dýr	Bls. 21
Ípróttamaður Sandgerðis	Bls 22
Kveðja frá Önnu	Bls 22
Öskudagur	Bls 23
Hver segir hvað	Bls 24
Kveðja frá Rögggu	Bls 25

Ritstjórn Sandkorns:

Kristín Fjóra Theódórsdóttir
Ingibjörn Margeir Sigurjónsson
Stefán Ari Bjarnason
Valdimar Rafn Jónsson
Júlíus Viggó Ólafsson
Salka Lind Reinhardsdóttir
Gunnlaug María Óskarsdóttir

Ritstjórnarpistill

Þegar nálgast árs hátíðina þurfti að setja saman hóp til að skrifa skólablaðið, Sandkorn. Nokkrir nemendur úr 9. og 10. bekk komu saman til að gera besta skólablað sem hefur nokkurn tímann verið gert. Við höfum unnið hörðum höndum við að setja saman blað sem hefur að geyma framtíðarspár, viðtöl, sögur og alls konar grín og gaman. Það eru líka margar myndir fyrir þá sem að finnst leiðinlegt að lesa.

Til að hægt væri að prenta þetta blað í lit og á góðum pappír þurftum við að fá styrki frá fyrirtækjum og við þökkum þeim kærlega fyrir sem studdu okkur. Við vonum að þið njótið blaðsins okkar og að lokum óskum við ykkar gleðilegra páska.

Fyrir hönd ritstjórnar Sandkorns
Kristín Fjóra

Lagnir og Þjónusta ehf.

S.8243410-8243411

-Alhliða pipulagnir

-Lagnamyndavél

-Stiflupjónusta

-Hitamyndavél



pipulogn@pipulogn.is

pipulogn.is

Vorferð 9. bekkjar

Sunnudagsmorguninn 31. maí lögðum við snemma af stað og okkar fyrsta stopp var í Ólafslundi til að grilla. Eftir það keyrðum við í dágóðan tíma þangað til að við komum í sumarbústaðina þar sem við gistum. Stelpurnar og Anna Kristjana voru í einu bústað og strákarirnir og Hlynur voru í öðrum. Þetta var frábær aðstaða með heitum potti sem við fóru í á hverju kvöldi.



Á fyrsta degi fórum við út í Drangey. Við fórum með bát þangað, og báturinn skoppaði mikið á leiðinni okkur til skemmtunar. Þegar við komum í eyjuna þurftum við að labba alla leiðina upp en það var þess virði því að útsýnið og veðrið var æðislegt. Við fengum að heyra sögur um Grím, skoðuðum okkur um, tókum fullt af myndum og síðan löbbuðum við aftur niður.

Við fórum ekki beint heim heldur stoppuðum við til að veiða en það gekk ekki vel hjá okkur þannig að við héldum í land. Þar fórum við í náttúrulegan heitapott sem var alveg við sjóinn. Eftir það fórum við á huggulegan veitingastað þar sem við fengum okkar eigið herbergi á háaloftinu og hámuðum í okkur pizzu og



Næsta dag byrjuðum við á að fara á hestbak og við skemmtum okkur mjög vel þótt að veðrið hafi ekki verið eins gott og það var deginum áður. Eftir það fórum við í fjós sem mjólkur kýrnar með vélum og fengum að klappa kálfunum.

Síðan fórum við í klettasig sem var gríðarlega skemmtilegt en við vorum öll hálf skellkuð eftir að hafa séð Hlyn detta niður en sem betur fer endaði það ekki illa.



Þaðan fórum við að prófa að skjóta úr byssum og af bogum og þar komu allir tölvuleikirnir að góðum notum. Eftir það vorum við ekki komin með nóg af byssum og fórum í Paintball. Við skiptum okkur í tvö lið og reyndum að skjóta hvort annað út og græddum nokkra marbletti af því að vera skotin. Þegar leiknum var lokið ætlaði Stefán að leyfa Ingibjörgu að skjóta sig með paintball byssu í rassinn en það komu fleiri sem ætluðu að reyna að skjóta hann og hann reyndi að flýja en hljóp óvart á vírgrindverk og skaust til baka eins og úr teygjubyssu. Við enduðum daginn á búbbulbolta og ferð í heita pottinn.



Á þriðja deginum fórum við á Akureyri og gerðum það sem gert er á Akureyri. Við töldum tröppurnar við Akureyriskyrkju, fórum á Glerártorg, fengum okkur Brynjuís og skelltum okkur í keilu. Við heimsóttum einnig nokkur söfn eins og flugminjasafnið, samgönguminjasafnið og síldarminjasafnið og inn á milli fórum við í sundlaug sem hafði útsýni yfir hafið.

Á síðasta deginum fórum við í River Rafting sem var æðisleg upplifun og frábær leið til að enda ferðalagið. Við verðum alltaf þakklát fyrir að hafa fengið að vera með svona æðislegum kennurum, Hlyni og Önnu og að við höfum verið svona náinn bekkur.



Fyrir hönd 9. bekkjar

Kristín Fjóra



Hvað veistu um vin þinn?

Blaðamenn Sandkorns gengu um ganga skólans og gripu vini og vinkonur í spjall og fengu nemendur til að svara spurningum til að að komast að hversu mikið þeir vita í raun hver um annan.

Birta Líf og María rós í 8. ÖÆH ætla að ríða á vaðið í spurningakeppni vinanna

Birta um Maríu (Rétt svör í sviga)

Hvað voruð þið gamlar þegar þið byrjuðuð að vera vinkonur ? (Frá því að þær fæddust) Frá því að þær fæddust

Uppáhaldsliturinn hennar? (Skærgrænn) Grænn

Uppáhalds mynd? (Chestnut) The call

Uppáhalds söngvari? (Justin Bieber) Justin Bieber

Uppáhalds hljómsveit?(One direction) One direction

Áhugamálið hennar (Fimleikar og að hanga með vinum) Fimleikar

Fer hún á Justin Bieber tónleikana?(Já) Já

Uppáhalds matur? (Píta) Píta

Afmælisdagurinn hennar (19.júní) 19.júní

Draumaprinsinn hennar (Justin Bieber) Justin Bieber

Stjörnumerki (Tvíburi) Tvíburi

Uppáhalds þættir (Switched at birth) Switched at birth

Uppáhalds fag (Íþróttir) Íþróttir

Uppáhalds kennari (Vala) Bói

Uppáhalds tölvuleikur (GTA) Veit ekki

Uppáhalds bók (Veit ekki) Amma glæpon

Uppáhalds drykkur (Vatn) Vatn

Ertu hún símafíkill ? (Já) Já



María um Birtu (Rétt svör í sviga)

Hvað voruð þið gamlar þegar þið byrjuðuð að vera vinkonur? (Frá því að þær fæddust) Frá því að þær fæddust

Uppáhaldsliturinn hennar? (Blár) Blár

Uppáhalds mynd (Belive, Justin Bieber) The fault in our stars

Uppáhalds söngvari? (Justin Bieber) Justin Bieber

Uppáhalds hljómsveit? (One direction) One direction

Áhugamálið hennar? (Tónlist og fimleikar) Fimleikar og að hanga með vinum

Fer hún á Justin Bieber tónleikana? (Já) Já

Uppáhalds matur? (Hamborgari)

Kjúklingasallat

Afmælisdagurinn hennar? 5.apríl) 5.apríl

Draumaprinsinn hennar? (Veit ekki) Jóhann

Stjörnumerki? (Hrútur) Hrútur

Uppáhalds þættir? (Switched at birth)

Switched at birth

Uppáhalds fag? (Íþróttir) Íþróttir

Uppáhalds kennari? (Vala) Vala

Uppáhalds tölvuleikur? (Veit ekki) Fifa

Uppáhalds bók? (40 vikur) Fault in our stars glæpon

Uppáhalds drykkur? (7up) Kók

Ertu hún símafíkill ? (Já) Já



Flatfiskur ehf

Strandgata 24 - 245 Sandgerði
Sími: 423 7770

Lífið eftir grunnskóla

Við fengum hana Sunnevu Ósk Sævarsdóttur sem útskrifaðist frá Grunnskólanum í Sandgerði vorið 2013 til að deila með okkur hugrenningum sínum um lífið eftir grunnskólann.



Kæru grunnskólanemar við Grunnskólann í Sandgerði, til hamingju með flotta árshátíð! Ég var beðin um að skrifa stuttan pistil um lífið eftir grunnskólann. Það er stórt skref að kveðja gamla góða skólann sinn, erfitt að ákveða hvert næsta leið liggur og hvert framhaldið á að vera. Að byrja í framhaldsskóla markar ákveðin tímamót í lífinu, stundum smá stressandi, áhugaverð, skemmtileg en oftast jákvæð.

Við útskrift úr 10. bekk fyrir þrem árum (vó!) leið mér eins og frjálsum fugli sem væri floginn úr hreiðrinu, fullmótaður og tilbúin að takast á við það sem framundan væri. Hjá mér tók við biðin langa eftir svári frá Kvennaskólanum um inngöngu, sumarið sem var svo fljótt að líða og stóra stökkið að byrja í nýjum skóla !

Að byrja í framhaldsskóla er bæði krefjandi og skemmtilegt, mjög mikil vinna á köflum og mikil breyting í því aðallega þá að læra að taka og bera ábyrgð, þar sem þið þurfið algjörlega að bera ábyrgð á ykkar eigin námi

og skólasókn alveg frá byrjun til enda. Allt svo ótrúlega spennandi!

Ég sótti um í Kvennó aðallega vegna þess að mig langaði að fara í bekkjarkerfi, þriggja ára nám og svona smá heimilislegan skóla, ekkert of stóran. Við erum þrjár úr Sandgerði núna í Kvennó og fjórar hafa útskrifast, ég treysti því á að eitthvert ykkar viðhaldi Sandgerðingaflórinni og stefni þangað J

Ég neita því ekki að fyrstu vikunar eftir að skólinn byrjaði hugsaði ég mjög oft um hvað ég væri eiginlega að spá? Vakna kl. 5:30 alla morgna til að taka rútuna í skólann og vera komin heim á milli kl. 17 eða 18, krakkarnir í bekknum spurðu reglulega hvar á landinu Sandgerði væri eiginlega og hvort það væru fleiri en fimm hús í bænum. .

Ég er á þeirri skoðun að þetta hafi allt verið þess virði. Fljótlega varð komst þetta í vana og krakkarnir skildu loksins að Sandgerði væri fallegasti og flottasti bærinn á landinu.

Ég er á náttúrufræðibraut með þýsku sem fjórða tungumál, stefni á útskrift sem stúdent núna í maí. Í Kvennó er mikill metnaður fyrir góðan undirbúning fyrir komandi háskólanám, námið er því mjög krefjandi, skemmtilegt og fjölbreytt en þó er eitthvað við allra hæfi í boði. Í tengslum við námið myndast mörg tækifæri t.d. í að skoða önnur lönd og borgir og kíkja út fyrir landsteinana, þar má nefna Berlín, Skotland, Róm og París. Valáfangarnir eru mjög fjölbreyttir og t.d. á fyrsta ári tók ég táknmál sem valáfanga og fyrir áramót fór ég í Berlínaráfanga þar sem við fórum í fimm daga skoðunarferð um Berlín.

Félagslífið í Kvennó er mjög virkt og skemmtilegt, því fylgir öflugt nefndarstarf og hin ýmsu félög. Starfandi eru t.d. leikfélagið Fúría, femístafélag og hinseginfélag.


Eplavikan er haldin hátíðleg hjá okkur,peysufatadagurinn, árshátíðarvikan, Tjarnardagar sem eru þemadagarnir okkar, góðgerðarvika, tískuvika, jafnréttisvika og svo lengi mætti telja. Þessu öllu fylgir mjög mikil skemmtun og samvera með bekknum.

Að fara í Kvennó var ein af bestu ákvörðunum sem ég hef tekið, eignast fullt af nýjum vinum, fara út fyrir litla Sandgerði þar sem allir þekkja alla í nýtt umhverfi, stunda metnaðarfullt og skemmtilegt nám og læra svo ótrúlega margt.

Þegar ég lít til baka, þá er ég mjög þakklát fyrir þann grunn sem ég öðlaðist á skólagöngu minni í grunnskólanum í Sandgerði, án hans hefði ekki verið svo auðvelt að byggja ofan á frekari þekkingu, að búa og alast upp í litlu samfélagi eru mikil forréttindi.

Að lokum vil ég óska ykkur öllum góðs gengis í því sem þið takið ykkur fyrir hendur, njótið síðustu metranna, skapið skemmtilegar minningar, verið góð við kennarana og hvort annað og munið að grunnskólaárin koma ekki aftur, verið dugleg og leggið smá aukalega á ykkur, góður grunnur er lykillinn af velgengni.

Sunneva Ósk.



Viðtal við Thelmu

Við hittum Thelmu á dögnum og áttum við hana gott spjall

Hvað er uppáhalds-liturinn þinn? Röndóttur.

Hvað er uppáhaldsmaturinn þinn? Pizza og taco.

Hvaða liði heldurðu með í ensku deildinni? Manchester United.

Ertu hunda eða katta manneskja? Katta.

Hvað ertu búin að kenna lengi? Síðan 1998, 13 ár með hléum.

Afhveru ákvaðstu að verða kennari? Því að mig langaði til að vinna fjölbreytta vinnu og hafa áhrif á heiminn til góða.



Hvað finnst þér skemmtilegast við að vera kennari? Nemendurnir eru það besta!!

Hvað myndir þú ráðleggja nemendum sem vilja vera kennarar? Að vera alltaf tilbúin að læra af öllum í kringum þig, óháð aldri. Fimmtán ára eru t.d. frábærir kennarar.

Hvað hafðirðu vilja vera ef þú hafðir ekki orðið kennari? Rokkstjarna eða rappari.

Ef þú fengir eina ósk sem þú gætir notað hvernig sem þú vildir, hvað myndirðu nota hana í? Ég myndi nota hana til að bæta heiminn og láta fleirum líða betur.

Afhverju myndir þú segja að 10.RG sé besti bekkurinn? Því þau búa að svo mikilli reynslu bæði sem hópur og einstaklingar. Svo eru þau líka kærleiksrík og gefandi ástarhnoðrar.

Er eitthvað sem að þú vilt segja að lokum? Vertu þú sjálfur og vertu stoltur af því! Það er bara til eitt eintak af þér!




Grettukeppni



Skrýtnar staðreyndir

- Elsti smokkurinn sem hefur nokkurn tímann verið fundinn er frá 1640 og hann var búinn til úr dýra og fiska innyflum (görnum).
- Kvenkyns kengúrur hafa þrjú leggöng.
- Einmannasta veran á jörðinni valur sem hefur verið að kalla eftir maka í yfir tuttugu ár en af því að háa kallið hans er svo ólíkt frá öðrum hvölum, svarar enginn
- Árið 1567 dó maðurinn sem er sagður hafa haft lengsta skegg í sögu heimsins við að vera felltur af skegginu nínu þegar hann hljóp frá eldi.
- Rómverjar voru vanir að þrifa og hvíttu tennur með þvagi.



Það sem var, er og verður

Til gamla umsjónarþekkingar mínar



Ég útskrifaðist úr Háskóla Íslands vorið 2011 sem kennari. Ég var þá og er enn fullviss að ég er á réttri hillu í lífinu. Það að vera kennari er allt í senn erfiðasta, fjölbreyttasta og skemmtilegasta starf í heimi.

En ekkert gat undirbúið mig fyrir þá eldskírni sem beið mín stuttu eftir að ég tók við nýja umsjónarþekkingnum mínum við Grunnskólann í Sandgerði. Dagurinn sem ég fékk símtal um að Dagbjartur Heiðar Arnarson hafi tekið sitt eigið líf mun líða mér seint úr minni og í raun fylgja mér alla tíð. Nú beið mín ærið og erfitt verkefni að hlúa að þeim sem eftir stóðu. að ná tökum á og skilja hvað hafði gerst

Eins og oft er, þá tjáðu þeir sig mest og hæst sem minnst vissu en þeir sem stóðu næst reyndu að hlúa hver að öðrum.

Þó erfitt sé að kveðja þá sem falla frá þá verða þeir sem eftir lifa að halda áfram og það gerðum við. Þið, þekkingarfélagar hans voruð ung og erfitt fyrir ykkur að vita í hvorn fótinn átti að stíga eftir að Dagbjartur dó. Í sameiningu reyndum við að vaxa og nýta þessa lífsreynslu til góðs og skapa góðar minningar saman.

Þegar ég horfi til baka á þann tíma sem ég var umsjónarkennari ykkar þá yljár mér um hjartarætur því við áttum svo sannarlega góðar stundir saman.



Ég man.....

- *Hvað ég var spenntur að taka við bekknum.*
- *Daginn sem Dagbjartur Heiðar dó.*
- *Hvað þið voruð ráðvillt og sorgmædd í fyrstu.*
- *Hversu erfitt var í fyrstu að fá alla til að taka þátt í slökunartímunum en líka hversu góðir tímarnir voru þegar þið uppgötvaðuð hversu vel ykkur leið eftir góða slökun.*
- *Hversu oft Valdimar sofnaði í slökunartímunum.*
- *Hvernig við kvöddum hvort annað á föstudögum, jafnast ekkert á við gott knús.*
- *Þegar ég hræddi ykkur upp í náttúrufræðistofu með því að þykjast sem einhver ókunnugur væri inn í stofunni og gripi í mig.*
- *Þegar veðrið var of gott til að læra inni og við fórum öll út í portið til að læra.*
- *Þegar við fengum okkur ís í sjoppunni í Sandgerði*

Ég man.....

- *.Eftir svipnum á ykkur þegar ég mætti í indverskum þjóðbúningi í skólann því við vorum að fjalla um indversk brúðkaup í trúarbragðafræði.*
 - *Eftir öllum skiptunum sem Villa kom með eitthvað gott handa okkur, kökur og sælgæti.*
 - *Þegar við fórum saman í Frumleikhúsið og sáum leikritið með Allt á hreinu.*
 - *Hvað við fórum oft í hláturskast.*
 - *Námsmaráðoninu. Allir komnir með galsa og mikið stuð.*
 - *Hversu metnaðarfull þið voruð í Norðurlandakynningunni og lömbunum hennar Ernu Ruthar, lyktin í stofunni var „áhugaverð”*
 - *Hvað þið voruð alltaf flott á öskudaginn, sérstaklega man ég eftir Edda Klippikrumlu (Ingibjörn) og hvað Óli var með flotta andlitsmálningu.*
 - *Þegar við gengum upp á Keili, það var svo mikið rok að ég hélt að allur bekkurinn myndi fjúka út á haf.*
 - *Þegar þið voruð að „röfla” um af hverju þið mættuð ekki vera með húfur í tímum. Ég bað um rökstuðning en ekki röfl, Kristín Fjóra rökstuddi málið vel og eftir það voru húfur leyfðar.*
 - *Hversu yndislegt vorferðalagið okkar á ylströndina var. Veðrið unaðslegt, buslað í sjónum, spilað á gítar og grillað góðan mat. Ógleymanlegt.*
 - *Hversu gaman var að taka upp myndbönd með ykkur. Alltaf stuð og ekki síst þegar einhver klikkaði, þá var oftast hlegið dátt.*
 - *Reykjaferðinni. Þegar við biðum eftir rútunni og hvað margir urðu fyrir vonbrigðum þegar „minnstá” rúta í heimi kom á svæðið.*
 - *Hversu feimin þið voruð fyrst á Reykjum, svo feimin að ég varð að halda neyðarfund og draga fram í ykkur hugrekkið. Sem þið eigið nóg af.*
 - *Draugasögunni, allir komnir inn í lítið herbergi og sátu þétt saman og spennan var svo mikil að heyra mátti saumnál detta.*
-

-
- *Skype samtalinu við norsku krakkana þegar eldvarnarkerfið fór af stað svo við þurftum að rjúka burt í miðju spjalli*
 - *Heimsókninni frá Little Bø skule í Noregi. Hvað þið voruð bæði spennnt og feiminn á sama tíma.*
- *Þegar við fórum með norska hópnum í Reykjavíkurfirð.*
 - *Eftir ótal samtölum, hlátri, grátri, reiði, gleði og öllum þeim tilfinningum sem fylgir því að þroskast og verða alltaf betri útgáfa af sjálfum sér með hverjum degi sem líður og öllu því sem við lærum á lífsleiðinni.*



Af gömlu umsjónarnemendum mínum hafa sumir þurft að flytja og fara í annan skóla sem hefur væntanlega verið spennandi og erfitt í sömu mund og nýjir nemendur bæst í hópinn sem eflaust hafa átt erfitt með að setja sig í spor ykkar og þeirrar lífsreynslu sem þið deilið. En ég er fullviss að þið farið út í lífið sterkari og reynslunni ríkari.

Ég hlakka til að fylgjast með ykkur um ókomna tíð og ég veit að þið heiðrið minningu Dagbjarts Heiðars með því að vera besta útgáfan af sjálfum ykkur og reyna ætíð að gera ykkar besta í framkomu, leik og starfi.

Kærleikskveðja

Hlynur Þór Valsson



Hversu vel þekkja þeir hvorn annan?

Júlíus svara hér spurningum um Ingibjörn, rétt svör eru í svigunum.

Hvað voruð þið gamlir þegar þið byrjuðuð að vera vinir ? (2.bekk) í 2.bekk

Uppáhaldsliturinn hans ? (blanda af gulum, grænum,bláum og rauðum) Grænfjólublár

Uppáhalds mynd ? (Mad Max: Fury road) Silence of the lambs

Uppáhalds söngvari ? (Ruth) Veit ekki

Uppáhalds hljómsveit ? (Gorillaz) Veit það ekki

Áhugamálið hans ? (Tónlist) Teikna, spila á trompet, anime, spila tölvuleiki og lesa manga

Uppáhalds matur? (Matur) Kartöflur í hvaða formi sem er.

Afmælisdagurinn hans? (7.ágúst) 6.ágúst

Draumaprinsessan hans? (Veit ekki) Michelle Obama

Stjörnumerki ? (Ljón) Ljón

Uppáhalds þættir ? (Bring bad) Fullmetal alchemist

Uppáhalds fag ? (Val) Myndmennt

Uppáhalds kennari ? (Ragga) Thelma eða Hlynur

Uppáhalds tölvuleikur ? (Terraria) Fall out 4

Uppáhalds drykkur ? (Monster) Diet coke, diet pepsi.

Er hann símafíkill (Nei) Nei



Ingibjörn svara hér spurningum um Júlíus, rétt svör eru í svigunum.

Hvað voruð þið gamlir þegar þið byrjuðuð að vera vinir ? (2.bekk) í 2.bekk

Uppáhaldsliturinn hans? (Grænfjólublár) Gulur og blár

Uppáhalds mynd? (Star Wars, the empire strikes back) Star Wars 3

Uppáhalds söngvari? (Veit ekki) Loui armstrong

Uppáhalds hljómsveit? (Á ekki uppáhalds hljómsveit) Veit ekki

Áhugamálið hans? (Syngja, teikna,spila tölvuleiki) Tölvuleikir

Uppáhalds matur? (Allur matur) Eitthvað sem er með kjöti í

Afmælisdagurinn hans? (25.apríl)? apríl

Draumaprinsessan hans? (Beta Bretadrottning) Einhver sem rakar sig allsstaðar á hverjum degi

Stjörnumerki (Naut) Eitthvað

Uppáhalds þættir? (Game of Thrones) Orphan black

Uppáhalds fag ? (Myndmennt) Myndmennt

Uppáhalds kennari ? (Thelma, Hlynur og Fríða) Bylgja

Uppáhalds tölvuleikur? (The witcher 3: Wild hunt) The witcher 3

Uppáhalds drykkur ? (Jarðaberjamjólkurhristingur) Allt

Er hann símafíkill (Nei) Nei

Viðtal við Röggv

Við hittum Röggv á dögnum og spurðum hana nokkurra spurninga, en eins og flestir vita er Ragga umsjónakennari 10. bekkinga og námsráðgjafi skólans.

Hver er uppáhaldsliturinn þinn? : Bleikur.

Hvað er uppáhaldsmaturinn þinn? Saltkjöt, baunir og kjötsúpa.

Hvaða liði heldurðu með í ensku deildinni? Engu.

Ertu hunda eða katta manneskja? Katta því að hundar eru of mikil vinna.

Hvað ertu búin að kenna lengi? í 16 ár

Afhverju ákvaðstu að verða kennari? Finnst skemmtilegt að vinna með unglingum.



Hvað hafðirðu vilja vera ef þú hafðir ekki orðið kennari? : Vildi vera löggja en hafði ekki getað gert það út af stærð þannig leynilögga.

Hvað finnst þér skemmtilegast við að vera kennari? : Öll litlu tilvikin þar sem maður sér að maður kom einhverju til skila.

Hvað myndir þú ráðleggja nemendum sem vilja vera kennara? : Að læra meiri sálfræði en gert er kröfu til í almennu kennaranámi því að það getur komið svo margt upp.

Ef þú fengir eina ósk sem þú gætir notað hvernig sem þú vildir, hvað myndirðu nota hana í? : Ég myndi vilja að allir virtu hvorn annan óháð skoðunum trúum o.s.fr.

Afhverju myndir þú segja að 10.RG sé besti bekkurinn? : Þau eru öll svo ljúf og hafa góða nærveru.

Er eitthvað sem að þú vilt segja að lokum? : Ég geri ráð fyrir að bekkurinn komi til baka eftir 5 ár með prófskírteini og jafnvel börn.

10 staðreyndir sem allir þurfa að vita!!!!

1. Kakkalakki getur lifað í 9 daga án þess að hafa haus!
2. Andrés Önd er bannaður í Finnlandi vegna þess að hann er ekki í buxum!
3. Venjuleg manneskja étur 8 köngulær á ævi sinni ... þær skríða upp í munn henanr í svefni!
4. Venjuleg kona talar u.þ.b. 7000 orð á dag, en venjulegur maður aðeins 2000!
5. Það er ekki hægt (í alvörinni) að hnerra með augun opin!
6. Ef þú myndir reka við stanslaust í 6 ár og 9 mánuði myndast gas sem jafngildir krafti atómsprengju
7. Ef þú lemur hausnum við vegg brennir þú 150 hitaeiningum á klukkutíma
8. Stelpur blikka tvisvar sinnum oft en strákar!
9. Venjulegt rúm er heimili fyrir u.þ.b. 6 milljarða rykmaura!
10. Augun stækka ekkert frá fæðingu!

Framtíðarspá

Ragga tók fram kristalskúluna sína ásamt 9. bekk og rýndu þau í framtíðina í þeim tilgangi að spá fyrir framtíð útskriftarnema skólans.



*Anes
Moukhalíss*

Mikil veraldleg og efnisleg gæði og velgengni í fjármálum skipta þig máli en þessu fylgir öryggi á öllum sviðum fjármála, rekstri fyrirtækis eða starfsframa. Núna er rétti tíminn til þess að byrja að undirbúa framtíðina, setja þér markmið til næstu missera. Einnig gætir þú átt von á einhverju jákvæðu frá skvízu eða einhverju tengdu kvenorku. Þú eignast 3 börn og starfar sem flugmaður hjá Icelandair. Þú munt búa í Reykjavík með konu þinni og börnum. Þú munt lifa góðog hamingjusömu lífi. Þú átt eftir að eiga nóg af peningum

*Aron Snær
Arnarson*

Draumlyndur og óreyndur ungur maður. Tarotspilið vísar til þess að þú eignist fljótt lífsförunaut og að þú sért hjálpfús ungur maður sem er stundum hvatvís og fljótfær í orðum og gerðum ertu þrátt fyrir það áreiðanlegur og traustsins verður og vinur þegar á reynir. Þú verður mótorhjólagæi og kaupir þér fyrsta mótorhjólíð þremur árum eftir grunnskóla. Þú hittir mótorhjólastelpu og 2 árum seinna giftist þið og eignast saman 3 börn. Þú tekur þátt í Dirt bike racing og öðlast nokkra frægð í slíkum keppnum.

*France Jón
Lím Rívera*

Þú þarft að sýna þrautseigju til þess að ná fram því sem þú ætlar þér. Það gæti tekið langan tíma og kostað þig mikið erfiði en eftir erfiðið muntu uppskera betri aðstæður í lífi þínu. Þú munt stofna lítið þrjónablað þar sem þú birtir þína eigin hönnun og þrjónauppskriftir. Þrjónablaðið verður mjög vinsælt og nær mikilli sölu. Þú flytur til Wales og stunda þar fjárbúskap og framleiðir þinn eiginn lopa. Þú verður frægur hönnuður á þrjónafatnaði. Þú eignast konu og með henni nokkur börn.

*Ingíbjörn
Margeir
Sigurjónsson*

Þú þarft að sýna þrautseigju til þess að ná fram því sem þú ætlar þér. Það gæti tekið langan tíma og kostað þig mikið erfiði en eftir erfiðið muntu uppskera betri aðstæður í lífi þínu. Þú munt stofna lítið þrjónablað þar sem þú birtir þína eigin hönnun og þrjónauppskriftir. Þrjónablaðið verður mjög vinsælt og nær mikilli sölu. Þú flytur til Wales og stunda þar fjárbúskap og framleiðir þinn eigin lopa. Þú verður frægur hönnuður á þrjónafatnaði. Þú eignast konu og með henni nokkur börn.

*Kristín Fjóra
Theódórsdóttir*

Mikil velgengni fylgir þessu tarot spili, til þín munu streyma margvíslegar gjafir lífsins og jarðarinnar fyrirhafnarlaust. Allar þær fréttir sem þú munt fá á næstunni og varða þig og þína munu verða af hinu góða. Þessu spili fylgja dýpstu og fallegustu tilfinningar sem þú hefur að gefa svo að þú ættir að vanda valið varðandi það hverjir fá að njóta þeirra. Þetta eru tilfinningar sem þú ættir að gefa maka þínum, börnum eða ákaflega nánum vin. Þú munt verða taugalæknir, munt komast langt í námi því þú er svo gáfuð og klár. Þú finnur draumaprinsinn og þið munuð eignast 3 börn og lifa góðu og hamingjusömu lífi.

*Ólafur Ævar
Kristínsson*

Víðsýni og réttlætiskennd einkennir stöðu þína núna. Þú hefur í hendi þér bæði dómsvald og framkvæmdavald og þér er uppálagt að framfylgja dómum þínum. Möguleiki á jákvæðri lausn hverskyns mála næst með sanngirni, heiðarleika og réttlæti. Hafðu í huga samspil milli orsaka og afleiðinga hlutanna og yfirleitt uppsker hver og einn eins og hann sáir. Þannig má segja að tíminn muni leiðrétta allt óréttlæti á þann hátt að hver og einn muni fá það sem hann á skilið. Þú ættir að vera vel í stakk búinn til að takast á við hvers kyns vandamál sem verða á vegi þínum á þann hátt að það leiðir til góðrar lausnar. Þú munt halda áfram í fótbolta og komast í landsliðið. Þú kemst svo

*Piotrek
Mazurek*

Þó svo að engin vandamál séu í lífi þínu og allt virðist ganga vel, þá gætir ákveðinnar stöðnunar hjá þér. Þú gætir þurft að vara þig á einhverjum utanaðkomandi aðila eða aðilum sem vilja blanda sér í þín málefni. Þó svo að þeir vilji vel, gæti það haft öfug áhrif og hreinlega orðið þér hindrun ef þú fylgir ráðum þeirra. Aftur á móti gæti það reynst þér vel að endurskoða einhverja þætti í lífi þínu, setja þér markmið og með því móti fá ferskleika inn í líf þitt. Þú munt stofna fyrirtæki sem rannsakar þekktu sjúkdóma og framleiðir lyf sem lækna flesta. Þú verður þekktur um allan heim fyrir vísindastörf, eignast konu frá Spáni og 4 börn með henni.

*Ragna Kristín
Kjartansdóttir*

Þetta er mjög gott tarot spil og því felst að þú njótir mikillar efnislegrar hagsældar, sem gæti verið í formi launahækkana eða í hagstæðum viðskiptasamningum. Þetta kemur ekki síst til vegna þess að þú ert sjálf búin að gefa mikið frá þér á óeigingjarnan hátt, án þess að ætlast til nokkurs tilbaka. Því meira sem þú gefur því meira færðu tilbaka, spil mikillar velgengni og vinsælda spyrjandans. Þú verður fatahönnuður. Þú munt komast langt í hönnun því þú hefur svo góðan tísku stíl. Þú eignast flottan mann og eignast 4 börn. Þú munt hljóta mikla frægð sem hönnuður.

*Róbert Páll
Arason*

Þú hefur visku hinna öldnu sem eru hjálpfúsir og elskulegir við alla þá sem kynnast þeim. Þú ert hlýr og elskulegur og hefur góða nærveru. Trygglyndi og viðkvæmni þar sem dulrænir hæfileikar leynast á bakvið vingjarnlegt hlýtt viðmót. Hér er á ferðinni tilfinningarík manneskja með mikið innsæi í mannlegt eðli þó stundum sé rökhugsun og skynsemi ekki allsráðandi. Einstaklingurinn verður fyrir miklum áhrifum af umhverfi sínu ekki síst af þeim einstaklingum sem í kringum hann eru. Þú verður atvinnumaður í fótbolta. Konan þín verður frá Japan, þið giftið ykkur 22 ára og

*Stefán Ari
Bjarnason*

Blíðlyndur og rómantískur ungur maður sem er þó dálítið utan við sig en bráðvel gefinn og mjög hrifnæmur, listrænn og skapandi. Tarot spilið þitt segir hvorki meira né minna að á leiðinni sé spennandi atvinnu - eða viðskiptatækifæri af einhverjum toga í líf þitt, sem vert er að skoða vel og vandlega. Ef vel er að málum staðið varðandi þetta atriði, verður þetta þér til mikillar velgengni. Þú byrjar að vinna sem afgreiðslumaður í Bónus, vinnur þig fljótt upp í starfi, verður vaktstjóri og tekur svo við sem verslunarstjóri. Þú eignast mikið af peningum og kaupir verslunardejuna Bónus. Þú eignast alls 8 börn með nokkrum konum.

*Tanja Ýr
Ásgeirsdóttir*

Hér er það kvenorkan sem ræður ríkjum. Lífsgleði þín og sköpunarkraftur þinn eru í hámarki. Nú er rétti tíminn til þess að takast á við þá hluti sem þú hefur látið sitja á hakanum, því allt sem þú átt eftir að byrja á, mun öðlast líf og blómstra. Hér er um að ræða almenna velgengni í lífinu og allsnægtir. Mundu að þú ert hluti af náttúrunni og því tengdari sem þú ert henni þeim meiri kraft hefur þú til að gefa af þér. Þú tekur þátt í fimleikakeppnum og vinnur alltaf sigur, kemst svo í ólympíuliðið og færð silfur í Japan árið 2020. Þegar þú kemur heim aftur þá hittir þú fallegan strák í Kringlunni en eftir 2 ára samband slitnar sambandið. Árið 2024 reynir þú aftur að keppa á ólympíumóti og færð þá gullið. Ári síðar hittir þú þann eina sanna, þið giftið ykkur og eignist 2 börn.

*Valdimar
Rafn Jónsson*

Þú býrð yfir miklum kjarki og hugrekki sem er ekki öllum gefið. Nú er rétti tíminn til að framkvæma og þú virðist vita hvert þú ætlar þér í lífinu. Þú hefur allt það sem þarf til þess að takast á við þau verkefni sem bíða þín. Þau verkefni sem þú munt takast á við, eiga eftir að veita þér gleði og ánægju. Hér er um að ræða nýtt upphaf sem getur tengst vinnu, vináttu eða nýjum kringumstæðum jafnvel upphaf að nýrri þroskabraut í lífi þínu. Vegna þessarar miklu orku sem þú býrð yfir er rétt að varast það að fara ekki fram úr þér og að þú leggir alúð í allar framkvæmdirnar sem þú tekur þér fyrir hendur. Þú eignast 2 börn með konu þinni og þið munið búa í Keflavík. Þú munt starfa sem tölvufræðingur og reka þitt eigið fyrirtæki. Þú munt lifa góðu og hamingjusömu lífi með

Með kveðju!

9. bekkur BB

Furðuleg lög um dýr í Bandaríkjunum

Í mörgum fylkjum Bandaríkjanna er að finna fáránleg lög er varðar dýr. Þykir það með ólíkindum að þau hafi verið samþykkt

Maryland

Ólöglegt er að taka ljón með sér í kvikmyndahús.

Alaska

Þú mátt ekki hrinda elg út úr flugvél á ferð.

Massachusetts

Góríllur mega ekki vera í aftursætum á neinum bifreiðum.

Montana

Það má ekki hafa kind meðferðis í bíl nema siðgæðisvörður sé til staðar.

South Carolina

Ekki má geyma hesta í baðkari.

South Dakota

Hestar mega ekki fara í hótelið Fountain Inn nema þeir séu í buxum.

Texas

Bannað er að skjóta buffalo frá annarri hæð á hóteli.

Oklahoma

Það er ólöglegt að hafa afturfæturna á hvaða dýri sem er í stígvélunum sínum.

Íþróttamaður Sandgerðis 2015

Daníel Arnar nemandi í 9. BB var kjörinn íþróttamaður Sandgerðis 2015. Blaðamaður Sandkorns ræddi við hann um Taekwondo og lífið í kringum það.

Hvað heitir þú fullu nafni? Daníel Arnar Ragnarsson

Hvaða íþrótt æfir þú? Taekwondo

Hversu oft æfirðu á viku? Ég æfi alla daga nema laugardaga og sunnudaga

Afhverju valdir þú þessa íþrótt? Því hún var í boði og leist vel á hana

Hvað borðar þú fyrir og/eða eftir æfingar? Próteinstöng

Hvað ertu búinn að æfa íþróttina lengi? Síðan 2008

Hvernig leið þér að vera valinn íþróttamaður Sandgerðis? Það var skrítið, sérstakt



Hvað myndir þú segja að sé mikilvægasti parturinn við að ná velgengni í íþróttum?

Mæta á æfingar, gefast ekki upp

Hver eru áhugamálin þín? Íþróttir og tölur

Hvað er uppáhalds maturinn þinn? Pizza

Kæru 10. bekkingar.

Nú er næstum komið að leiðarlokum. Við höfum brallað ýmsilegt saman þessi ár sem þið hafið verið í unglingadeild. Hæst stendur vorferðin góða sem var farin í Skagafjörðinn.

Við gerðum mjög mikið á nokkrum dögum og skemmtum okkur mjög vel. Það er örugglega margt sem kemur upp í hugann ykkar þegar þið hugsið um vorferðina. Það sem mér fannst standa upp úr var klettasigíð, sjóferðin, sundferðirnar og síðast en ekki síst kvennabústaðurinn og karlabústaðurinn. Við höfðum það svo sannarlega gott í þessum bústöðum og munið þið hvað heiti potturinn okkar var flottur?


Innilega til hamingju með að vera á lokaári í grunnskóla. Ég óska ykkur alls hins besta í framtíðinni, þið eigið eftir að gera góða hluti!



Bestu kveðjur og knús til ykkar,

Anna Kristjana

Öskudagur



Hver segir hvað:



Tanja Ýr
Jáá...



Piotr
Þegiðu Róbert



Kristín Fjóra
Vissir þú.....



Ragna Kristín
Nasty



Ingibjörn
Hey thats pretty good!



France
Beetboxar



Anes
Hey gaur.....



Stefán Ari
Jyyyyy.....



Valdimar
Ómægod.....



Ólafur Ævar
Gerfihlær



Róbert Páll
Nheeee




Aron Snær
Já ég skal

Kveðja til 10. bekkjar

Síðla sumars 2015 var ég svo heppin að fá að verða umsjónarkennari 10. bekkjar en við höfum samt átt samleið frá því í 7. bekk, þegar þessar elskur hófu að læra dönsku.

Ég hef fengið að fylgjast með þeim vaxa í leik og starfi, verða þroskuð ungmenni með ákveðnar skoðanir, sterka réttlætiskennd, hlýleika og yndislega nærveru.

Þegar þau voru í 9. bekk fékk ég tækifæri til þess að eiga með þeim stundir á bekkjarkvöldi þar sem þau reyndust uppátækjasöm og skapandi hópur sem gaman var að vera með, fékk líka tækifæri til að vera með þeim á litlu jólum þeirra, er þakklát fyrir þessar stundir.



En aftur að skólaárinu 2015 – 2016, lokaárið og þau fara af stað út í lífið. Það verður erfitt að sleppa þeim, vildi helst hafa þau áfram en svona gengur þetta fyrir sig, nemendur kveðja að sumri og nýir koma í skólann að hausti. Eina sem við getum gert og vonandi það besta er að undirbúa þau undir lífið að loknum grunnskóla, styðja þau í að setja sér markmið, velja sér nám og væntanleg störf af áhuga og með þeirri lífsgleði sem einkennir þessa einstaklinga.

Við erum búin að eiga saman skemmtilegar stundir, nemendur og foreldrar t.d. á bekkjarkvöldi í haust, áttum yndisleg litlu jól þar sem allir mættu þrúðbúnir, borðuðum saman og hlustuðum á hugvekju og jólasögu, færir manni alltaf gleði í hjarta svona yndisstundir. Nemendur voru svo sérstaklega duglegir að dansa með vinabekk sínum og öðrum nemendum í kringum jólatréð.

Reykjavíkurfélag nú í febrúar þar sem nemendur kynntu sér hvernig það væri að vera þingmaður, skoðuðum framhaldsskóla, kíktum í starfskynningu til RÚV og fórum svo saman út að borða. Við fórum líka á fyrirlestur-/uppistand í Stapa á Pörupilta sem voru reyndar þrjú kvenmenn í gerfi ungra karla og fluttu nemendum fyrirlestur um kynfræðslu. Held að nemendur hafi nú haldið að ég viðkvæm fyrir þessu efni, sögðu mig roðna í kinnum, ég var nú ekki alveg á því, taldi fremur heitt í salnum hehehe

Framundan er svo Árhátíðin, með stóru Ái, þeirra síðasta í grunnskólanum. Nemendur hafa svo sannarlega lagt hart að sér að gera þennan dag sem skemmtilegastan, hafa unnið að skemmtiatriði fyrir hátíðina sem hafði í för með sér mikla spennu og drama í ferlinu en eftir að hafa tekist á um efnið náðu þau samkomlagi um atriðið og sýndu vel hversu dugleg þau eru orðin í lýðræðislegri samvinnu. Fleira stendur nú til en árhátíðin, við munum halda íþróttamaræðing og safna þannig áheitum fyrir vorferðalagi í lok maí en við ætlum að fara á Úlfjótsvatn sem ég er afar ánægð með, enda hluti þar af mínu lífi, skátalandið. Ég er ótrúlega stolt af nemendum mínum sem hafa svo sannarlega sýnt að þau eru tilbúin að fara á vit nýrra verkefna og ævintýra. Ég óska þeim alls hins besta í framtíðinni, setjið markið hátt og látið drauma ykkar rætast.

Við upplifum sömu hlutina á mismunandi hátt eftir okkar eigin líðan.

Frelsið felst í því að vera þú sjálfur.

Ragnhildur L. Guðmundsdóttir, umsj.kennari.

**Eftirfarandi fyrirtæki
styrktu útgáfu blaðsins:**

Lagnir og þjónusta ehf

Skinnfiskur ehf

Flatfiskur

Vitinn

Seacrest Iceland

Skólamatúr